

28. desbr. eftir tilmælum safnaðarins, er í þetta sinn fékk að velja um umsækjendur (5).

Sófoníasi Halldórssyni, presti í Goðdölum, Viðvík 6. maí.

Stefáni Sigfússyni, presti á Skútustöðum, Hof í Álftafirði 29. maí.

*Prófastar* voru skipaðir 2. september:

Hjörleifur Einarsson, prestur að Undirfelli, áður settur, í Húnavatnsprófastsdæmi og

Jónas P. Hallgrímsson, prestur að Skorrastað, í Sudurmúla-prófastsdæmi.

*Önnur embætti* veitt:

Eggert Theodór Jónassen, bæjarfógeta í Reykjavík, veitt amtmannsembættið í suður- og vestur-umdæminu 13. apríl (laust síðan 7. maí 1884; sbr. Fr. f. á., bls. 12).

Franz Siemen, settur málflytningsmaður við yfirdóminn af ráðgjafa 16 apríl, var veitt sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. nóv., og hafði hann áður verið settur í það af landshöfðingja 23. ágúst.

Halldóri Daníelssyni, sýslumanni í Dalasýslu, var veitt bæjarfógetaembættið í Reykjavík 28. júlí.

Jóhannesi D. Ólafssyni, sýslumanni í Skagafjarðarsýslu, var veitt Mýra- og Borgarfjarðarsýsla 5. nóv., enn því embætti hafði kand. Sigurður Þórðarson, er settur var málflytningsmaður við yfirdóminn af landshöfðingja 6. febr. og síðan af ráðgjafa 16. apríl, gegnt á eigin ábyrgð frá 6. júlí, enn áður verið settur af amtmanni sýslumanninum, Guðmundi Pálssyni, til aðstoðar í veikindum hans frá júníbyrjun.

Kristjáni Jónssyni, sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, veitt 2. yfirdómara- og dómsmálaritara-embættið við yfirdóminn 28. júlí, og sama dag var

Lárusi E. Sveinbjörnson, yfirdómara og dómsmálaritara við yfirdóminn og bankastjóra, veitt 1. yfirdómaraembættið.

Magnúsi M. Stephensen, 1. yfirdómara og settum amtmanni (síðan 29. mars 1883), var veitt landshöfðingja-embættið yfir Íslandi 10. apríl, enn því embætti hafði háyfirdómari Jón Pétursson veitt forstöðu frá 21. jan. samkvæmt 21. gr. í erindisbréfi landshöfðingja frá 29. júní 1872.